

Gísli Þór Þórarinsson

Gísli Þór Þórarinsson fæddist 1. september 1978 í Reykjanesbæ. Hann lét lífið 27. apríl síðastliðinn í Mehamn í Noregi.



Foreldrar Gísla voru Þórarinn Þorbergur Gíslason, f. 9. maí 1947, d. 3. október 2010, og Magnea Ósk Óskarsdóttir, f. 7. maí 1949, d. 13. mars 2012.

Unnusta Gísla var Elena Underland.

Gísli átti sjö systkin: Óskar Guðjón Einarsson, f. 3. júní 1966, d. 21. apríl 2015, Margrét Þórarinsdóttir Palestini, f. 24. september 1967, d. 22. febrúar 2017, Heiða Bergþóra Þórðardóttir, f. 15. febrúar 1969, Gissur Hans Þórðarson, f. 3. desember 1971, maki Kristín Jóna Hilmarsdóttir, stúlka Magneudóttir, f. 16. október 1973, d. 17. október 1973, Inga Rose Þórarinsdóttir Livingston, f. 26. nóvember 1974, Gunnar Jóhann Gunnarsson, f. 29. júní 1983.

Systkini Gísla eiga samtals 13 börn sem voru honum mjög kær.

Útför Gísla Þórs fer fram frá Ytri-Njarðvíkurkirkju í dag, 17. maí 2019, klukkan 13.

Elsku vinur.

Ég kveð nú minn allra besta og kærasta vin, eftir að hafa haft þig mér við hlið undanfarin fjörutíu ár sem bekkjarfélagi, liðsfélagi, vinnufélagi og herbergisfélagi er söknuðurinn bæði beittur og meiðandi. Uppeldislegar andstæður okkar í æsku voru brjálæðislegar og það markaði sýn mína á lífið að hafa fengið tækifæri til að alast upp með þér og um leið hjálpaði það mér að virða lífsgæði mín og tækifæri. Persónuleiki þinn var alveg einstakur, einlægur, gjafmildur, nægjusamur og þakklátur, og þú varst ekki bara í miklu uppáhaldi hjá mér heldur fjölskyldu minni allri og þótti okkur öllum svo notalegt að hafa þig á heimilinu. Frá unga aldri hefur þú oft haft vindinn í fangið og á köflum hefur hann verið bæði sterkur og nístandi en aldrei var það þinn stíll að fara með stöðu þína né líðan út á torg. Með eindæma dugnaði og styrk til að hunsa þær fjölmörgu freistingar sem urðu á vegi þínum þá tókst þér, elsku vinur, að komast á þann stað sem þú alla tíð þráðir. Rólegan stað þar sem kapphlaupið um lífsgæðin var hóflegt, á stað þar sem þú gast stundað tónlistina í næði á milli þess sem þú sóttir sjóinn á þínum eigin bát. Og ekki skemmdi fyrir að þú varst kominn með lífsförunaut sem þú varst að tengja vel við. En eins og oft áður þegar sjórinn virtist vera orðinn lygn gripu örlögin inn í og nú með meiri þunga en nokkru sinni fyrr. Eftir sveiflukenndan fyrri hálfleik var það einlæg von mín að sá síðari yrði betri og það leit svo sannarlega út fyrir það en svo fór ekki. Óréttlæti heimsins virðast stundum engin takmörk sett. Ég hef alla tíð haft þörf

fyrir að styðja þig og veita þér tækifæri til að upplifa og ég veit að þú ert þakklátur fyrir allar okkar stundir, þó svo að í gegnum árin hafi ekki allar okkar tilraunir til að sameinast og gleðjast gengið upp eins og þú veist. Hefði ég einhverju ráðið þá hefði ég kosið þig síðastan frá mér, en það kemur kannski ekkert á óvart að þú hafir verið kosinn fyrstur því þannig var það alltaf á skólavellinum og dansgólfinu, þú varst alltaf kosinn fyrstur. Um leið og ég geri mér grein fyrir því að ég hef misst það sem mér þótti kærast og ekkert mun það bæta þá er ég þakklátur fyrir hvað samveran með þér gaf mér mikið. Líkt og það markaði sýn mína á lífið að alast upp með þér þá mun það marka líf mitt enn frekar að hafa misst þig frá mér. Ég kveð nú einstakan dreng sem bjó yfir lífshlaupi sem á sér vart hliðstæðu.

Guðni Erlendsson.

Þegar við fæðumst er okkur úthlutað verkefnum. Sagt er að við veljum okkur foreldra áður en við fæðumst til þess að fá tækifæri til að ljúka ákveðnum verkefnum. Það er erfitt að hugsa til þeirra einstaklinga sem hafa fæðst í þennan heim og hafa fengið eins krefjandi verkefni og þú, elsku frændi. Í dag vitum við að áföll í æsku og á meðgöngu geta haft áhrif á líf okkar, einnig að áföll forfeðra okkar geta haft áhrif á okkar líf. Í dag veit ég að öll þessi áföll hafa haft áhrif á þitt líf, elsku frændi, og mér finnst ótrúlegt að þú hafir komist á þann stað sem þú varst kominn á þegar stóra áfallið reið yfir. Tengsl okkar má rekja til feðra okkar sem ólust upp í Aðalstræti 32 á Ísafirði. Pabbi, Siggi Boga, var fæddur í janúar 1946 og pabbi þinn, Þói Gísla, var fæddur í maí 1947, frændur, systrasynir og bestu vinir. Frændurnir og vinirnir sem áttu ákveðnustu systurnar, Sigrúnu, Höllu og Stebbu og systurnarínu og Grétu. Fallegu frændurnir og vinirnir sem voru svo líkir, með kolsvarta hárið og bláu augun, eins og þú, elsku frændi, blessuð sé minning ykkar allra í dag. Pabbar okkar, þúkarnir á Ísó, elskuðu tónlist mest af öllu, eins og þú, elsku frændi, með gítarinn þinn, pabbi með nikkuna og munnhörpuna og pabbi þinn við píanóið. En svo skildu leiðir. Bakkus sveif oft yfir í Aðalstræti 32 en hafði mismikil áhrif á heimilum systkinanna. Aðalstrætið sem er þekkt fyrir að þar bjó Óskar frændi, Skari sprútt, sem bjargaði fólki með vín þegar á þurfti að halda. Ég er svo heppin að Bakkus fékk ekki að ráða ríkjum á heimili pabba, en Bakkus náði tökum á pabba þínum, þessum yndislega manni sem varð Bakkusi að bráð og það litaði líf hans, samband hans við konur og við börn hans. Elsku fallegi frændi minn, með fallega geislandi brosið og bláu skínandi augun. Bara ef ég hefði vitað í þá daga við hvað þú bjóst, hefði ég viljað gera svo margt, ég get bara ekki spólað til baka í lífinu. Við bjuggum fyrir vestan og þú fyrir sunnan hjá mömmu þinni. Þú áttir þína sögu sem við krakkarnir fyrir vestan fengum ekki að vita af þrátt fyrir að þú hafir svo

oft komið til okkar þar, því börn reyna alltaf að fela til þess að aðrir fangi ekki við hvaða aðstæður þau búa. Það er ekki aðeins blóð feðra okkar sem tengir okkur, það er Einn blár strengur. Blái strengurinn sem þú tengdir svo sterkt við og baðst mig að senda þér. Ég hefði svo viljað sjá þig spila á gítarinn þinn með einn bláan streng, sem er svo táknrænn fyrir þig og þína reynslu og mig og mínar rannsóknir. Það eru sterk tengsl rannsakandans og reynslumannsins. Elsku Gísli minn, ég er svo þakklát fyrir knúsið þitt og spjallið fyrir ári síðan í jarðarförínu frænku, sem þú áttir alltaf skjól hjá þegar lífið lék þig sem verst. Þegar ég hugsa til baka til árána sem þú fékkst að dvelja hjáínu og Úlfari og strákunum á Ísó, sé ég það fyrir mér sem þitt hreiður sem þú gast alltaf leitað til í lífsins ólgusjó. Þar var þitt skjól sem allir þurfa og fæst seint þakkað.

Elsku frændi, takk fyrir allt sem þú hefur kennt mér.

Sigrún Sigurðardóttir.

Þetta fallega brosið.
Þessi fallegu augu.
Þetta fallega hjarta.

Þetta er það fyrsta sem kemur upp í huga mér þegar ég hugsa um þig, elsku Gísli minn. Þú varst hvers manns hugljúfi og það vita það allir sem voru svo heppnir að fá að kynnast þér að þarna fór maður með hjarta úr gulli.

Þú komst inn í líf mitt aðeins 12 ára gamall og upp frá þeim degi áttir þú alltaf stað í hjarta mér. Drengjunum mínum varstu ávallt góður og aldrei gleymdir þú afmælisdögum þeirra. Þeir litu upp til þín enda ekki margir sem eiga svona frænda eins og Gísla, enda varstu einstakur.

Líf þitt var nú ekki dans á rósum en ávallt var stutt í fallega brosið þitt og reyndir þú ávallt að gera það besta úr því sem hægt var. Eftir að þú fluttir til Noregs passaðir þú þig á því að vera samt alltaf í sambandi við mig og strákana og sakna ég mikið samtala okkar sem voru oft mjög svo fróðleg.

Elsku Gísli minn, nú ert þú kominn í sumarlandið og veit ég að þar verður tekið vel á móti þér.

You'll never walk alone

Meðan veðrið er stætt berðu höfuðið hátt

og hræðstu eigi skugga á leið.

Bak við dimmasta él glitrar lævirkjans ljóð

upp við ljóshvolfin björt og heið.

Þótt steypist í gegn

þér stormur og regn

og þó byrðin sé þung sem þú berð

þá stattu fast og vit fyrir víst

þú ert aldrei einn á ferð

(Þorsteinn Valdimarsson)

Hvíl í friði.

Inga Ósk Ólafsdóttir.

Kæri vinur Gísli Þór.

Nú þegar þinn hinsti dagur er liðinn rifjast upp ótal góðar minningar frá árunum þegar við eyddum mörgum stundum saman. Ungur að árum fékk ég fyrst að kynnast þér í gegnum Guðna bróður minn sem þrábeðinn lét oft undan og leyfði mér að hanga með sér og vinum sínum. Á unglingsárunum varst þú auðfúsugestur á heimili okkar að Holtsgötu 10, eða Tíunni eins og sumir kölluðu það. Þú hafðir sterkar skoðanir á flestu í umhverfi þínu, bjóst yfir einstakri frásagnartækni og áttir auðvelt með að láta öllum í kringum þig líka vel við þig. Ófá voru skiptin þegar þú komst til okkar að spila Championship Manager á tölvuna sem ég hafði keypt fyrir fermingarpeningana mína og spiluðum við oft langt fram á nætur. Vinabönd okkar styrktust hratt á þessum árum þegar sameiginleg áhugamál drifu okkur áfram í verkefni af ýmsu tagi. Við vorum báðir byrjaði að pikka upp lög á gítar á þessum tíma og fórum fljótlega eftir það að spila saman, ýmist tveir saman eða í hljómsveit sem gekk undir vinnuheitinu „Geislar“. Upp úr sameiginlegum áhuga okkar á tónlist og gítarleik stofnuðum við vefsíðuna „Gítarbríkin“, þar sem þú hafðir frumkvæðið að því að safna saman gripum og textum á meðan ég sat við tölvuna og setti saman vefinn. Vefurinn náði töluverðum vinsældum á þeim tíma enda var mikill metnaður lagður í verkefnið. Eftir það þróaðist samstarf okkar á ýmsum sviðum sem meðal annars gaf af sér leikjaskrá knattspyrnudeildar UMFN („Boltabríkin“) og vefsíðu knattspyrnudeildar UMFN, sem var fyrsti vefur knattspyrnufélags á Íslandi, að ógleymdum útvarpsþættinum „Útvarp Njarðvíkur“ sem hljóðritaður var í

félagsmiðstöðinni Fjörheimum. Toppurinn á samstarfi okkar var svo framleiðsla stórmyndarinnar „Auga dýrsins“. Eftir sem áður varst þú hugmyndasmiðurinn að baki verkefninu og aðaldriffjörðin með mig í tæknimálunum þar sem ég sat með þér við klippigræjurnar og aðstoðaði þig við að láta myndina þína verða að veruleika.

Á fullorðinsárunum lágu leiðir okkar sín í hvora áttina, en alltaf fékk ég af þér fréttir í gegnum Guðna.

Það voru mér mikil forréttindi að fá að kynnast þér og hafa starfað með þér þegar við vorum að alast upp í Njarðvík. Sama má segja um alla þá sem á eftir mér komu og fengu að kynnast þér og njóta nærveru þinnar á einn eða annan hátt.

Minning þín lifir.

Borgar Erlendsson.

Við sem búum þessa jörð erum svo gjörn á að líta á lífið sem sjálfsagðan hlut. Okkur hættir til að gera ráð fyrir því að morgundagurinn komi eins og ekkert sé. Við reiknum með að allt sé óbreytt dag frá degi. Kannski á þetta bara að vera svona? Nei, segi ég. Við eigum að njóta hverrar stundar og vera meðvituð um að augnablikið er svo dýrmætt því það fýkur framhjá eins og ekkert sé og eftir situr minningin. Frændi minn hann Gísli Þór hefur nú verið tekinn frá okkur úr þessu lífi í einni hendingu. Þessi ungi lífsglaði maður sem geislaði svo af þannig að eftir var tekið. Við Gísli höfum ekki haft mikið samneyti um ævina en ég átti þess kost að eiga gott spjall við hann við jarðarför hennar Ínu Gísla fyrir réttu ári. Á unglingsárum Gísla Þórs dvaldist hann hjá Ínu og Úlfari á Ísafirði, en þau tóku drenginn í tímabundið fóstur vegna mikilla erfiðleika heima fyrir. Á þeirri stundu varð ég þess áskynja að þarna fór maður sem hafði lífssýn og horfði til framtíðar. Hann var að koma sér upp eigin báti og hugsaði stórt. Af honum geislaði þegar hann lýsti fyrir mér þeim aðstæðum sem eru í Norður-Noregi. Ég sá hvað þessi drengur hafði mikla persónutöfra og var einarður um að koma sér áfram þrátt fyrir erfiðar aðstæður. Reyndar fór spjall okkar yfir í það að ég myndi heimsækja hann einhvern tíman. Sorglegur atburður hefur nú átt sér stað og eftir situr minning um dreng sem vildi svo sannarlega að morgundagurinn tæki á móti okkur eins og gærdagurinn var. Við sem hér erum verðum að ylja okkur við minninguna og vona svo að frændi taki á móti okkur á æðri stigum síðar.

Sigurþór Charles Guðmundsson.

HINSTA KVEÐJA

Þitt hjarta geymdi gullið dýra og sanna,
að gleðja og hjálpa stærst þín unun var.
Því hlaust þú hylli Guðs og góðra manna
og göfugt líf þitt fagran ávöxt bar.

Ég blessa nafn þitt blítt í sál mér geymi,
og bæn til Guðs mín hjartans kveðja er.
Hann leið þig í ljóssins friðarheimi,
svo lífið eilíft brosi móti þér.

Höfundur: Ingibjörg Sigurðardóttir

Gissur Hans Þórðarson
